

Mál nr. 153/2021

M og
V vegna ábyrgðartryggingar X.
Tjón á bifreið í febrúar 2020.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 19. apríl 2021, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 28. maí 2021, ásamt hita og vindmælingum og upplýsingum frá Veðurstofu Íslands.
3. Athugasemdir lögmanns M, dags. 3. júní 2021.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu, sem er hluti af gögnum málsins, kemur fram að M tilkynnti hinn 19. febrúar 2020 um tjón sem hafði orðið á bifreið hans 13.-14. febrúar 2020 þar sem mól og drulla hafi fokið á bifreiðina í fárviðri sem var þá daga. Í lögregluskýrslunni eru myndir af bifreiðinni og upplýsingar um að henni hafi verið lagt á bifreiðastæði við Fjörubraut 1228 í Reykjanesbæ.

M rekur tjón á bifreiðinni til framkvæmda á vegum verktaka og X og skurðar sem grafinn hafi verið nálægt bifreiðastæðinu í janúar 2020. M telur að ekki hafi verið gengið nægilega vel frá yfirborði skurðsvæðisins eftir framkvæmdirnar þannig að mól, steinar og grjót hafi legið laust á svæðinu með tilheyrandi hættu fyrir vegfarendur og íbúa í nágrenni framkvæmdarinnar. M telur að rekja megi tjón á bifreið hans til stórkostlegs gáleysis starfsmanna X vegna frágangs á framkvæmdasvæðinu og hafi hann ekki verið í samræmi við skráðar háttænisreglur X sjálfs þar sem komi fram að frágangur skuli vera þannig að vegfarendum eða starfsmönnum stafi ekki hættu af. Einnig komi þar fram að ganga skuli þannig frá að slys geti ekki hlotist af. Einnig vísar M til þess að það sé verulegt gáleysi að hafa hafið framkvæmdir með skurðgrefti í janúar þar sem veður væru á þeim tíma óútreiknanlegt og hægt að gera ráð fyrir slæmu veðri með tilheyrandi roki. Ekki sé hægt að tyrfa skurðsvæði á þessum tíma og vegna frosts í jörðu sé erfiðara að þjappa jarðveg. Einnig vísar M því á bug að grjót hafi lent á bifreið hans annars staðar frá. Einnig vísar M til þess að í vátryggingarskilmálum ábyrgðartryggingar V sé fjallað um tiltekna takmarkanir á bótaskyldu í gr. 5.1 og vont veður sé ekki eitt af því. Einnig vísar M til þess að hann telji rökstuðning V ekki standast varðandi höfnun bótaskyldu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að tjón M verði helst rakið til fárviðris sem varð aðfararnótt 14. febrúar 2020 þar sem vindhraði náði um 40 m/sek þegar mest var. Einnig vísar V til þess að allur frágangur, á svæði því sem framkvæmdir á vegum X voru á, hafi verið í samræmi við verklagsreglur, gengið hafi verið frá skurðsvæði með þeim hætti að fyllt hafi verið upp í skurð með jarðvegi og vísar til ljósmynda af vettvangi. V telur ekki sýnt fram á að frágangur hafi átt að vera með öðrum hætti og ekki hafi verið óeðlilegt eða varhugavert að vinna að framkvæmdum á þessum árstíma, auk þess sem ekki hafi verið losarabragur á vinnubrögðum X vegna frágangs, þ.e. ekki hafi verið óvarðar moldarhrúgur, óþjappaður jarðvegur eða annar slíkur óforsvaranlegur frágangur á svæðinu.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir greinargóðar myndir af frágangi á því svæði sem framkvæmdir á vegum X voru á í janúar 2020. M lagði bifreið sinni á bifreiðastæði þar nálægt í febrúar 2020 þegar fárviðri var. Í gögnum málsins kemur ekki fram að annað eignatjón hafi verið tilkynnt vegna þessa og ekki liggja fyrir ótvíræð sönnunargögn um að það jarðefni sem virðist hafa lent á bifreið M hafi komið frá því svæði sem X var með framkvæmdir á stuttu áður. Fyrirnefndar ljósmyndir eða önnur gögn sýna ekki heldur að frágangur svæðisins hafi verið í andstöðu við almenn fyrirmæli í verklagsreglum X.

Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans beri sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt vegna slíkrar ábyrgðar. Sönnunarbyrði hvílir því á M að sýna fram á að frágangur á framkvæmdasvæði X hafi verið með þeim hætti að hætta hafi stafað af. Gögn málsins, þ.á.m. myndir af vettvangi, sýna ekki með ótvíræðum hætti að frágangi hafi verið ábótavant, eða að hann hafi verið í ósamræmi við verklagsreglur X eða aðrar háttænisreglur. Verður M að bera hallann af slíkum sönnunarskorti, í samræmi við fyrirnefndar sönnunarreglur. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. júní 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.